

Laugalandsskóli í Holtum
Sjálfsmatsskýrsla 12. hluti
Nóvember 2016



Könnun á líðan nemenda og starfsfólks

Samvinna kennara og stjórnenda

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Niðurstöður nemendur	4
Niðurstöður starfsfólk	7
Lokaorð – leiðir til úrbóta	11
Fylgiskjal 1: Spurningalisti til nemenda	12
Fylgiskjal 2: Spurningalisti til starfsfólks	14
Fylgiskjal 3: Líðan nemenda 2016	16
Fylgiskjal 4: Líðan starfsfólks 2016	19

Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum einkum þrjúþætt: „Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun“. (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, s. 26-27).

Mat á skólastarfi í grunnskóla er tvenns konar: Annars vegar er svokallað ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Hins vegar er mat sem skólar annast sjálfir og hefur verið kallað innra mat eða sjálfsmat.

Innra mat á árangri og gæðum skólastarfs í hverjum skóla þarf að vera kerfisbundið. Hægt er að fara ýmsar leiðir við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að kerfið sem unnið er með henti viðkomandi skóla. Hver skóli þróar eigin aðferðir með hliðsjón af sérstöðu skólans og þeim áherslum og markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá. Þær aðferðir sem notaðar eru við matið ráðast síðan af þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Á vefsvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru tilgreind viðmið sem ráðuneytið telur rétt að horfa til við innra mat eða sjálfsmat grunnskóla:

Slíkt mat skal vera altækt (þ.e. ná til allra þátta skólastarfsins); formlegt (þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum); áreiðanlegt (þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum); samstarfsmiðað (þ.e. allir sem starfa við skólann þurfa að koma að matinu); umbótamiðað (áætlanir um umbætur byggðar á matinu þurfa að koma fram); stofnana- og einstaklingsmiðað (þ.e. taka bæði til skólans í heild og til þeirra sem þar vinna); lýsandi (þ.e. lýsa þarf starfsemi skólans í matsskýrslu); greinandi (þ.e. greina þarf styrkleika og veikleika í einstökum þáttum skólastarfsins); og opinbert (þ.e. matsskýrslu þarf að birta opinberlega).

(<http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/nr/6226>)

Þessi viðmið eru jafnan höfð til hliðsjónar við innra mat á árangri og gæðum skólastarfs í Laugalandsskóla. Mismunandi aðferðir eru notaðar við matið. Spurningalistakannanir eru notaðar þar sem það á við s.s. við mat á líðan nemenda og starfsfólks sem er framkvæmt á hverju ári.

Þar sem ein mikilvægasta forsenda þess að fólk geti lagt sig fram við vinnu er talin vera vellíðan á vinnustað, var á sínum tíma ákveðið að athuga líðan nemenda og starfsfólks Laugalandsskóla á hverju ári. Árið 2016-2017 var engin undantekning þar á og ákveðið að leggja könnunina fyrir, fyrir áramót.

Könnunin var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk þriðjudaginn 25. október. Könnunin var leynileg og lagði sami aðili könnunina fyrir alla nemendur. Nemendur skiluðu könnuninni í til þess gerðan kassa.

Starfsfólk skólans svaraði spurningunum miðvikudaginn 26. október. Könnunin var skrifleg og leynileg.

Ákveðið var að hafa það að markmiði að svarhlutfall nemenda og kennara væri 90%.


Niðurstöður voru svo skráðar í SPSS forrit sem nýtt var við úrvinnslu gagna.

Niðurstöður


Nemendur

Veturinn 2016-2017 eru 75 nemendur í skólanum. Könnunin var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk og svöruðu 41 sem er 100%. Þar af voru 19 piltar og 22 stúlkur.


Ef við skoðum niðurstöðurnar sjáum við að 53,7% nemenda sögðu að sér líði mjög vel og 31,7% frekar vel og 14,6% svöruðu hvorki né (mynd 1). Þá sögðu 34,1% nemenda að þeim líði mjög vel í kennslustundum og 39% svaraði frekar vel og 26,8% að þeim líði í hvorki vel né illa (mynd 2).



Við spurningunni um líðan nemenda í útifríminútum svöruðu 82,9% að þeim líði mjög vel eða frekar vel og 17,1% svara bæði og (mynd 3). Þegar kemur að svörum við líðan í inni-fríminútum svara 73,2% að þeim líði mjög vel, 24,4% frekar vel (alls 97,6%) og 2,4% sem segja að sér líði hvorki vel né illa (mynd 4).




Þegar við skoðum líðan í búningaklefa sjáum við að 83% líður mjög vel eða frekar vel, svo eru 14,6% sem segja að sér líði hvorki vel né illa og 2,4% sem líður frekar illa (mynd 5).




mynd 5

Í matsal er niðurstaðan sú að 83% nemenda líður mjög vel eða frekar vel og 17% hvorki vel né illa (mynd 6).




mynd 6

Í íþróttasal eru 90,2% nemenda sem svara að þeim líði mjög vel eða frekar vel og 9,8% svara hvorki vel né illa (mynd 7). Í svörum nemenda um líðan í sundlauginni eru 85,4% sem líða mjög vel eða frekar vel, 7,3% hvorki vel né illa, og 7,3% frekar illa (mynd 8).




mynd 7



mynd 8

Á mynd 9 má sjá svör nemenda við spurningunni hvernig þeim líður í skólabílnum. Niðurstaðan var sú að 58,5% nemenda líður mjög vel í skólabíl, 17,1% líður frekar vel eða samtals 75,6% sem svara við þá tvo möguleika, 17,1% segja hvorki né, 2,4% líður mjög illa og 4,9% nemenda koma ekki með skólabíl (mynd 9).



mynd 9

Síðasta spurningin innti eftir því hvort nemendum þættu gerðar miklar eða litlar kröfur til þeirra í skólanum og svöruðu 14,6% að kröfurnar væru mjög miklar, 29,3% að þær væru frekar miklar, 53,7% sögðu að þær væru hæfilegar. Þá sögðu 2,4% að þær væru frekar litlar (mynd 10).



mynd 10

Starfsfólk

Veturinn 2016-2017 eru 15 starfsmenn í 50% starfi eða meira. Könnunin var lögð fyrir þá og tóku 14 þátt sem er 93% svarhlutfall.

Spurningarnar voru tíu talsins og reynt að leita eftir líðan alls starfsfólks við störf sín. Starfsfólk við skóla vinnur ólík störf og hefur ólíkum skyldum að gegna og því svara sumir spurningum sem aðrir svara ekki.

Ef við skoðum fyrstu spurningu um líðan í vinnunni, þá svara 58,8% að þeim líði mjög vel, 41,2% svara frekar vel (mynd 11) .



mynd 11

Hér má sjá hvernig starfsmönnum líður í kennslustundum. Fimm starfsmenn segja að þeim líði mjög vel í kennslustundum, en það eru um 29,4%, fimm líður frekar vel eða 29,4%, þrír eru hlutlausir (bæði og) eða 17,6%. Þessi spurning á ekki við fjóra starfsmenn eða 23,5% (mynd 12).




mynd 12

Skólastjórnendur hafa yfir að ráða fastri viðveru starfsmanna. Það er tími sem þeir ráðstafa til vinnu fyrir skólann og undir þennan tíma fellur til dæmis undirbúningur, samskipti við heimili, vinna með umsjónarþekkjum, nemendaviðtöl, skýrsluvinna o.fl. Þessi störf eru einungis fyrir kennara skólans en ekki annað starfsfólk. Af þeim kennurum sem tóku afstöðu til þessa eru 41,2% sem líður mjög vel og 35,3% svara frekar vel, og spurningin á ekki við 23,5% starfsmanna (mynd 13).



mynd 13


Þegar spurt er um líðan í frímínútum/kaffitímum þá svara 70,6% starfsmanna að sér líði mjög vel 23,5% frekar vel og 5,9% svara bæði og (mynd 14).




mynd 14

Skoðum næst hvernig starfsfólki líður við gæslu. Alltaf er reynt að hafa gott eftirlit með leikjum nemenda, að enginn slasi sig, lendi í útistöðum eða verði fyrir aðkasti. Þannig eru alltaf tveir samtímis á gæslu í matsal, tveir við gæslu þegar nemendur eru úti og við gæslu á göngunum þegar nemendur eru í frímínútum.


Þegar svör við spurningunum um hvernig fólki líður við gæslu á þessum stöðum segja þeir sem sinna gæslu og svara spurningunni að þeim líði mjög vel, frekar vel eða bæði og. (myndir 15, 16 og 17).



mynd 15




mynd 16



mynd 17

Skoðum nú spurninguna; er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustaður? 88% starfsmanna segja skólann mjög þægilegan eða frekar þægilegan vinnustað og 12% segja bæði og (mynd 18).




mynd 18

Hér má sjá hvernig starfsmönnum finnst kröfur á vinnustaðnum vera. Þrír starfsmenn segja miklar kröfur vera (17,6%), fjórir starfsmenn segja það vera frekar miklar (23,5%), og 10 starfsmenn segja kröfurnar vera hæfilegar eða 58,8% (mynd 19).



mynd 19

Þegar við skoðum hvernig starfsmönnum finnst álag á vinnustaðnum vera er niðurstaðan sú að þrír starfsmenn segja mikið álag vera (17,6%), níu starfsmenn segja það vera frekar mikið (52,9%) og fimm starfsmenn segja hæfilegt álag eða 29,4% (mynd 20).



Mynd 20

Lokaorð – Leiðir til úrbóta

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um líðan nemenda og starfsfólks og í upphafi skýrslu kemur fram að góð líðan er undirstaða þess að fólk geti einbeitt sér við vinnu og nám. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með líðan, meta niðurstöður og bregðast við eins fljótt og auðið er.

Þegar svör nemenda eru skoðuð er hægt að sjá að það er einn nemandi sem svarar að sér líði mjög illa í skólabíl, þrír nemendur svara að sér líði frekar illa í sundlaug og 1 nemandi svarar að sér líði mjög illa í búningasklefum. Í spurningunum á undan, t.d. nr. 3 og 4 líður þér vel eða illa í skólanum og líður þér vel eða illa í kennslustundum svara allir nemendur; að sér líði hvorki vel né illa, frekar vel eða mjög vel. Þessi svör benda því til þess að vanlíðan þessara nemenda sé afmörkuð við annars vegar skólabílinn og hins vegar íþróttahús og sundlaug. Kennarar og starfsfólk skólans munu leitast við að öllum nemendum líði sem best hvar sem er í skólanum. Séstaklega verður fylgst með nemendum í búningasklefum og sundi og áréttað í Art tímum mikilvægi þess að taka tillit til og geta sett sig í spor annara. Einnig verður fylgst með nemendum í skólabílum.

Í svörum starfsmanna líður öllum mjög vel, frekar vel eða bæði og. Það er ánægjuefni að fá niðurstöður sem þessar. Það má þó aldrei gleyma sér enda vilji starfsmanna til að halda áfram hópefli í samverustundum bæði innan og utan skólans. (Vinavika, grillkvöld, vorferð og tilfallandi skemmtiferðir).

Það er ljóst að innra mat á líðan er mikilvægur þáttur sem veitir gagnlegar upplýsingar. Í framhaldi er hægt að gera umbætur svo að öllum líði vel eða að minnsta kosti að þeim líði ekki illa í skólanum.

Könnun sem þessi er tekin árlega. Það er mjög gott fyrir skólastarfið þegar niðurstöðurnar eru kynntar fyrir öllum hlutaðeigandi, þ.e. almennu starfsfólki, kennurum og ekki síst nemendum þar skapast oft skemmtilegt og fróðlegt samtal um líðan og mikilvægi þess í skólastarfi.

Við munum áfram sem hingað til kappkosta að fylgjast vel með líðan allra sem koma að skólanum og reyna þannig að stuðla að velferð hvers og eins í námi og starfi.



Spurningalisti til nemenda

Vinsamlega skrifið í athugasemdir ef ykkur liggur eitthvað á hjarta, hvort sem er jákvætt eða neikvætt

<p>1. Ertu piltur eða stúlka</p> <p><input type="checkbox"/> Piltur</p> <p><input type="checkbox"/> Stúlka</p>	<p>2. Í hvaða bekk ert þú?</p> <p><input type="checkbox"/> 10. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 9. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 8. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 7. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 6. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 5. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 4. bekk</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í kennslustundum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa í úti-frímínútum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa í inni-frímínútum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>

<p>7. Líður þér vel eða illa í búning- klefa?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>8. Líður þér vel eða illa í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>9. Líður þér vel eða illa í íþróttasal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>10. Líður þér vel eða illa í sund- lauginni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>11. Líður þér vel eða illa í skólabílnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Kem ekki með skólabíl</p>	<p>12. Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p>

Takk fyrir þátttökuna.



Spurningalisti til starfsfólks

Vinsamlega skrifið í athugasemdir ef ykkur liggur eitthvað á hjarta, hvort sem er jákvætt eða neikvætt.

<p>1. Líður þér vel eða illa í vinnunni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>2. Líður þér vel eða illa í kennslu- stundum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í fastri viðveru?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í frímínút- um/kaffitímum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa við gæslu úti?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa við gæslu inni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>

<p>7. Líður þér vel eða illa við gæslu í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>8. Er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustadur?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar óþægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög óþægilegur</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>9. Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín á vinnustadnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p> <p>hverju vildir þú breyta? _____</p> <p>_____</p>	<p>10. Er mikið eða lítið álag í vinnunni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegt</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar lítið</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög lítið</p> <p>hverju vildir þú breyta? _____</p> <p>_____</p>

Takk fyrir þátttökuna.

Fylgiskjal 3

Líðan nemenda 2016

1 Ert þú piltur eða stúlka?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Piltur	19	46,3	46,3	46,3
Stúlka	22	53,7	53,7	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

2 Í hvaða bekk ert þú?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
9 - 10. bekk	13	31,7	31,7	31,7
7 - 8. bekk	11	26,8	26,8	58,5
5 - 6. bekk	17	41,5	41,5	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

3 Líður þér vel eða illa í skólanum?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	22	53,7	53,7	53,7
Frekar vel	13	31,7	31,7	85,4
Hvorki né	6	14,6	14,6	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

4 Líður þér vel eða illa í kennslustundum?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	14	34,1	34,1	34,1
Frekar vel	16	39,0	39,0	73,2
Hvorki né	11	26,8	26,8	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

5 Líður þér vel eða illa í úti-frímínútum?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	22	53,7	53,7	53,7
Frekar vel	12	29,3	29,3	82,9
Hvorki né	7	17,1	17,1	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

6 Líður þér vel eða illa í inni-frímínútum?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	30	73,2	73,2	73,2
Frekar vel	10	24,4	24,4	97,6
Hvorki né	1	2,4	2,4	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

7 Líður þér vel eða illa í búningsklefa?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	17	41,5	41,5	41,5
Frekar vel	17	41,5	41,5	82,9
Hvorki né	6	14,6	14,6	97,6
Frekar illa	1	2,4	2,4	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

8 Líður þér vel eða illa í matsal?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	27	65,9	65,9	65,9
Frekar vel	7	17,1	17,1	82,9
Hvorki né	7	17,1	17,1	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

9 Líður þér vel eða illa í íþróttasal?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	28	68,3	68,3	68,3
Frekar vel	9	22,0	22,0	90,2
Hvorki né	4	9,8	9,8	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

10 Líður þér vel eða illa í sundlauginni?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	19	46,3	46,3	46,3
Frekar vel	16	39,0	39,0	85,4
Hvorki né	3	7,3	7,3	92,7
Frekar illa	3	7,3	7,3	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

11 Líður þér vel eða illa í skólabílnum?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	24	58,5	58,5	58,5
Frekar vel	7	17,1	17,1	75,6
Hvorki né	7	17,1	17,1	92,7
Mjög illa	1	2,4	2,4	95,1
Kem ekki með skólabíl	2	4,9	4,9	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

12 Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög miklar	6	14,6	14,6	14,6
Frekar miklar	12	29,3	29,3	43,9
Hæfilegar	22	53,7	53,7	97,6
Frekar litlar	1	2,4	2,4	100,0
Samtals	41	100,0	100,0	

13 Finnst þér maturinn í mótuneytinu góður eða vondur

Gildi	Tíðni	Prósent	Gild %	Vaxandi %
Mjög góður	10	24,4	25,0	25,0
Frekar góður	12	29,3	30,0	55,0
Bæði og	14	34,1	35,0	90,0
Fekar vondur	2	4,9	5,0	95,0
Mjög vondur	2	4,9	5,0	100,0
Ekkert svar	1	2,4	97,6	
Samtals	41	100,0	100,0	

Fylgiskjal 4

Líðan starfsfólks 2016

1 Líður þér vel eða illa í vinnunni?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	10	58,8	58,8	58,8
Frekar vel	7	41,2	41,2	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

2 Líður þér vel eða illa í kennslustundum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	5	29,4	29,4	29,4
Frekar vel	5	29,4	29,4	58,8
Bæði og	3	17,6	17,6	76,5
Á ekki við	4	23,5	23,5	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

3 Líður þér vel eða illa í fastri viðveru?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	7	41,2	41,2	41,2
Frekar vel	6	35,3	35,3	76,5
Á ekki við	4	23,5	23,5	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

4 Líður þér vel eða illa í frímínútum/kaffitímum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	12	70,6	70,6	70,6
Frekar vel	4	23,5	23,5	94,1
Bæði og	1	5,9	5,9	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

5 Líður þér vel eða illa í gæslu úti ?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	1	5,9	5,9	5,9
Frekar vel	6	35,3	35,3	41,2
Bæði og	1	5,9	5,9	47,1
Á ekki við	9	52,9	52,9	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

6 Líður þér vel eða illa í innigæslu?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	2	11,8	11,8	11,8
Frekar vel	6	35,3	35,3	47,1
Bæði og	1	5,9	5,9	52,9
Á ekki við	8	47,1	47,1	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

7 Líður þér vel eða illa við gæslu í matsal?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög vel	2	11,8	11,8	11,8
Frekar vel	6	35,3	35,3	47,1
Bæði og	1	5,9	5,9	52,9
Á ekki við	8	47,1	47,1	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

8 Er skólinn þægilegur/óþægilegur vinnustaður?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög þægilegur	9	52,9	52,9	52,9
Frekar þægilegur	6	35,3	35,3	88,2
Bæði og	2	11,8	11,8	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

9 Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín á vinnustaðnum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög miklar	3	17,6	17,6	17,6
Frekar miklar	4	23,5	23,5	41,2
Hæfilegar	10	58,8	58,8	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

10 Er mikið eða lítið álag í vinnunni?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög mikið	3	17,6	17,6	17,6
Frekar mikið	9	52,9	52,9	70,6
Hæfilegt	5	29,4	29,4	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	

11. Finnst þér maturinn í mötuneytinu góður eða vondur

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Mjög góður	14	82,4	82,4	82,4
Frekar góður	2	11,8	11,8	94,1
Bæði og	1	5,9	5,9	100,0
Samtals	17	100,0	100,0	